

---

Félagsvísindadeild

# Marshall-aðstoðin

Áhrif fyrr og nú

Ritgerð til BA gráðu

Nafn nemanda: Kristín Ólafsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Eiríkur Bergmann

Haust 2022



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

---

Félagsvísindadeild

# Marshall-aðstoðin

Áhrif fyrr og nú

Ritgerð til BA gráðu

Nafn nemanda: Kristín Ólafsdóttir

Leiðbeinandi: Eiríkur Bergmann

Haust 2022



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



Haustönn 2022

Marshall-aðstoðin, áhrif fyrr og nú

Lokaritgerð til BA-gráðu í Miðlun og almannatengslum

Leiðbeinandi: Dr. Eiríkur Bergmann

Höfundur: Kristín Ólafsdóttir

Ritgerð þessa má ekki afrita með neinum hætti án leyfis höfundar.

Háskólinn á Bifröst 2022

## Útdráttur

Veraldarsagan er afar mikilvæg. Öllum er hollt að staldra við, líta um öxl og íhuga hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru. Tilkoma Marshall-aðstoðarinnar veitti mörgum Evrópuríkjum ríkulega innspýtingu inn í þeirra hagkerfi og efnahagslíf eftir seinni heimstyrjöldina. Aðstoðin var framkvæmd með ýmsum útfærslum. Íslendingar urðu þeirrar gæfu aðnjótandi að fá hæsta framlagið miðað við höfðatölu. Mörgum þótti það einkennilegt þar sem landið var ekki sárþjád og þjakað af völdum stríðsins, hafði aftur á móti hagnast vel á hersetu breta og bandaríkjamanna á Íslandi. Í rannsókn þessari ákvað höfundur að skoða hver áhrif aðstoðarinnar var á efnahag Íslands og enn fremur hvort og þá með hvaða hætti þessara áhrifa gæti enn í dag og hvaða þróun hefur átt sér stað. Tekin voru fyrir stærstu og helstu verkefni sem ráðist var í fyrir aðstoðarféð. Skoðuð var þróun togaraflota landsins, einnig var skoðuð þróun á fjölda helstu búfjárstofna landsins, farið yfir þróun og vöxt þeirra virkjana sem byggðar voru ásamt því að fara yfir sögu og örlög Áburðarverksmiðjunnar sem byggð var. Áhugavert var að sjá hvernig þessari þróun hefur undið farið fram. Álykta má að áhrifanna gæti enn í dag, þó í ýmsum myndum. Togaraútgerðin breyttist þegar síðutogarar véku fyrir skuttogurum, nautgripum hefur fjölgað jafnt og þétt fá því styrkveitingin var gerð á meðan sauðfé hefur farið fækkandi. Virkjanirnar hafa verið í vexti en Áburðarverksmiðjan var lögð niður. Stuðst var við fræðilegt efni, bækur, greinar og fyrri rannsóknir til að varpa ljósi á stöðuna fyrir og nú.

---

## Abstract

World history is extremely important. It is good for everyone to stop, look back and consider why things are the way they are. The advent of the Marshall-plan provided many European countries with a rich injection into their economy and economic system after the Second World War. The assistance was implemented in various ways. Icelanders had the good fortune of receiving the highest contribution per capita. Many people thought it strange, since the country was not suffering from the war but had benefited greatly from the occupation of Iceland by the British and Americans. In this study, the author decided to examine the impact of the aid on Iceland's economy, and even more so whether and in what way this impact can still be seen today. The biggest and most important projects that were undertaken for the aid money were studied. The development of the country's tugboat fleet was examined, the development of several the country's main livestock populations was also examined, the development and growth of the power plants that were built were reviewed, as well as the history and fate of the Áburðarverksmiðja ríkisins that was built. It was interesting to see how this development has taken place. It can be concluded that the influence can still be felt today, albeit in various forms. The trawler industry changed when side trawlers gave way to stern trawlers, the number of cattle has steadily increased because the grant was made, while the number of sheep has decreased. The power plants have been growing, but the Áburðarverksmiðja ríkisins was shut down. Academic materials, books, articles and previous studies were used to shed light on the situation then and now.


---

## Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-gráðu í Miðlun og almannatengslum við Háskólann á Bifröst. Ritgerðin er mín hugarsmíð, unnin af mér haustið 2022 og er afrakstur minnar rannsóknar. Heimildarvinna var gerð samkvæmt reglum skólans þar sem það á við. Leiðbeinandi minn við vinnslu ritgerðarinnar var Dr. Eiríkur Bergmann.

Fyrst og fremst vil ég þakka Dr. Eiríki Bergmann fyrir afar góða leiðbeiningu og aðstoð við vinnslu þessarar ritgerðar. Þá vil ég þakka eiginmanni mínum Þórarni Óla Rafnssyni fyrir ómældan stuðning og þolinmæði á meðan námi mínu stóð. Rakel Runólfsdóttir vinkona mín fær góðar þakkir fyrir yfirlestur og ráðleggingar. Bryndís Gunnarsdóttir samnemandi minn og vinkona fær innilegar þakkir fyrir aðstoð og vináttu. Aðrir samnemendur mínir fá þakkir fyrir góða viðkynningu. Að endingu vil ég þakka Háskólanum á Bifröst fyrir að gefa fólki eins og mér tækifæri til að stunda nám óháð staðsetningu og samhliða vinnu, gott skipulag, ómælda aðstoð og aðstöðu til fyrirmyndar, það er ómetanlegt.

Takk fyrir mig!



---

# 1 Efnisyfirlit

Inngangur .....	9
1. Skilgreining hugtaka .....	11
1.1 Framfarahyggja .....	11
1.2 Efnahagur .....	11
1.3 Áhrif .....	12
1.4 Þróun .....	12
1.5 Efnahagsaðstoð .....	12
2 Marshall-aðstoðin .....	13
2.1 Tilkoma og framkvæmd aðstoðarinnar .....	13
2.2 Áætlun Marshall-aðstoðarinnar fyrir Ísland .....	15
2.3 Efnahagssamvinnustofnun Evrópu .....	15
2.4 Framlög og ráðstöfun Marshall-aðstoðarinnar .....	16
2.4.1 Sjávarútvegur .....	16
2.4.2 Landbúnaður .....	18
2.4.3 Virkjanir .....	21
2.4.4 Áburðarverksmiðja .....	23
3 Aðferðarfræði .....	24
3.1 Rannsóknaraðferð .....	24
3.2 Framkvæmd og greining .....	25
3.3 Áreiðanleiki og réttmæti .....	26
3.4 Takmarkanir .....	27
4 Niðurstöður .....	27
5 Umræður og ályktanir .....	29
6 Lokaorð .....	31
7 Heimildaskrá .....	33



## Myndaskrá:

Mynd 1: Fjöldi togara.....	bls.17
Mynd 2: Fjöldi nautgripa.....	bls. 19
Mynd 3: Fjöldi sauðfjár.....	bls. 19
Mynd 4: Fjöldi hrossa.....	bls. 20
Mynd 5: Fjöldi geita.....	bls. 20
Mynd 6: Notkun vatnsorku.....	bls. 20



## Inngangur

Hugmyndin að vinnslu þessarar ritgerðar kviknaði eftir að höfundur hafði setið námskeiðið *Efnahagssamruni Evrópu*. Dr. Eiríkur Bergmann hafði umsjón með námskeiðinu og naut aðstoðar Bjarna Braga Kjartanssonar aðstoðarkennara. Í því námskeiði var farið vítt og breytt yfir efnahagssamruna Evrópu bæði fyrr og nú. Marshall-aðstoðin sem Bandaríkjamenn veittu Evrópuríkjum eftir seinna stríð, þar með talið Íslandi, hafði mikil áhrif til uppbyggingar í mörgum Evrópuríkjum eftir seinna stríð. Ekki voru þó öll Evrópuríki sem þáðu aðstoðina og má þar nefna fyrrum Sovétríkin og nokkur leppríki þeirra. Í Austur-Evrópu var kommúnisminn við völd undir styrki stjórn sovétmanna. Bandaríkjamenn vildu koma að endurreisn efnahags ríkjanna og stuðla að efnahagslegum framförum í Vestur-Evrópu, forða þannig þessum heimshluta frá krumlu kommúnismans. Raunar var það svo að upphaflega vildu Bandaríkin hafa aðkomu að því að aðstoða alla Evrópu óháð sigurvegurum eða sigruðum og óháð málstöðum, en Sovétríkin komu í veg fyrir að sín leppríki í Mið- og Austur Evrópu tækju við slíkum viðgjörningi (Eiríkur Bergmann, 2009).

Marshall-aðstoðin er kennd við George C. Marshall þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Í ræðu sinni þann 5. júní árið 1947 hét hann því að Bandaríkin ætluðu að bjóða fram aðstoð við enduruppbyggingu Evrópu eftir Seinna stríð. Bandaríkjamenn sáu sér hag í því að styrkja hagkerfi og lýðræði Evrópuríkja þar sem stjórn málaðleg áhrif þeirra væru tryggð. Fjárhagsaðstoðin var umtalsverð sem að einhverju leyti var í lánsformi en að langstærstum hluta í styrkjaformi og átti aðstoðin að vara í fjögur ár (Unnar Árnason, 2003). Hafist var þegar handa við að gera framkvæmdaáætlun hér á landi til næstu fjögurra ára í samræmi við fyrrgreinda samþykkt. Ljóst var strax í upphafi að um gríðarlega umfangsmikinn stuðning var að ræða. Áætlunin gerði ráð fyrir því að tryggja áframhaldandi vöxt sjávarútvegs ásamt því að þróa nýjar atvinnugreinar til að koma í veg fyrir einhæfni í hagkerfinu. Þá átti að auka fjölbreytni atvinnulífsins með því að fjárfesta í völdum iðngreinum þar sem mætti spara gjaldeyri og að sama skapi draga úr þörf fyrir innflutning. Einnig átti með þessum aðgerðum að auka útflutning til Bandaríkjanna en jafnframt að stuðla að aukningu á innflutningi frá Vestur-Evrópu. Auka átti í hægum skrefum þróun fríverslunar. Nota átti þá sérhæfingu sem Ísland þótti búa yfir í framleiðslu sjávarafurða til grundvallar þeim alþjóðaviðskiptum sem fram áttu að fara og stefna

átti að því að draga úr einhæfni atvinnulífs Íslendinga með því að opna enn frekar hagkerfi landins (Gunnar Á. Gunnarsson, 1996, bls. 93).

Uppbyggingin tók nokkur ár, en eins og áður sagði varði aðstoðin í fjögur ár. Þrátt fyrir að Ísland hafi ekki staðið höllum fæti eftir Seinna stríð og ekki jafn illa statt og mörg önnur Evrópuríki, sökum þess að landið hafði hagnast vel á hersetu Breta og Bandaríkjamanna, verður að teljast líklegt að með tilkomu þessarar aðstoðar hér á landi og frekari innspýtingu í efnahagslíf landsins hafi komið sér afar vel. Á árunum 1949-1950 var atvinnuástandið afar erfitt til lands og sjós, kom aðstoðin í veg fyrir að ekki hlytist af vöruskortur né gjaldeyrisskortur svo stórtjón hlytist af (Þórhallur Ásgeirsson, 1955, bls. 70).

Við upphaf skoðunar á þessu viðfangsefni varð strax ljóst að ekki væri um margar rannsóknir við að styðjast á þessu efni og því þótti höfundur mikilvægt að skoða það enn frekar. Mögulega má draga lærdóm af því hvernig utan aðkomandi aðstoð til þeirra sem á þurfa að halda við afar krefjandi aðstæður, geti nýst til framtíðar. Sagan er öllum mikilvæg og er það mat höfundar að varðveita eigi hana og draga lærdóm af þeim atburðum sem verða á hvaða tíma sem er og varðveita þá þekkingu sem skapast í kjölfar þeirra til framdráttar um ókomna framtíð.

Framfarahyggjan sem virtist ríkja á þeim tíma verður einnig til skoðunar sem og hugsanlegt tengsl á milli hennar og þeirra framfara sem mögulega urðu. Töluvert hefur verið skrifað um Marshall-aðstoðina og mun höfundur því styðjast við ritryndar fræðigreinar, blaðagreinar, bækur og vefgreinar til að varpa ljósi á þróun þessara áhrifa. Mikilvægi rannsóknar af þessu tagi telur höfundur vera mikið. Landið er lítið og einangrað eyríki og vert að skoða hvernig aðstoð af þessu tagi getur hugsanlega reynst áhrifarík við aðstæður sem geta skapast þegar stríð eða aðrar hörmungar geysa um víða veröld. Rannsóknarspurningar í þessari rannsókn verða því *Hver voru áhrif Marshall-aðstoðarinnar á íslenskt efnahagslíf og hver hefur þróunin verið fram til dagsins í dag?* Eins og spurningarnar bera með sér, þá er þetta afar víðfeðmt efni og margir þættir sem hægt væri að rannsaka. Megin áhersla verður lögð á ákveðna þætti aðstoðarinnar líkt og að kanna stærð skipaflotans þegar kemur að sjávarútvegi og hvernig þróun hans hefur verið allt frá því nýsköpunartogararnir voru keyptir. Í landbúnaðarþættinum verður fjöldi helstu búfjártægunda skoðaður og hver sú þróun hefur verið allt frá því vélavæðing ruddi sér til rúms með tilkomu aðstoðarinnar. Í virkjanapættinum verður leitast við að skoða þróun þeirra vatnsaflsvirkjana sem reistar voru með tilkomu aðstoðarinnar fram til dagsins í dag og svo verður þróun og

afdrif Áburðarverksmiðju ríkisins kannaðar. Leitað verður svára við þessum spurningum í þeim gögnum sem fyrr voru nefnd.

Kaflaskipting verður með þeim hætti að í fyrsta kafla verða hugtök skilgreind og verður annar kafla fræðikafla, í honum verður gefið yfirlit yfir stöðu þá þekkingar sem nú þegar er til staðar og farið yfir söguna. Í þriðja kafla verður farið yfir þá aðferðafræði sem viðhöfð verður og hvernig framkvæmd rannóknarinnar var sem og kenningar skoðaðar er við eiga. Í fjórða kafla verða niðurstöður reifaðar, í fimmta kafla verða umræður og ályktanir um viðfangsefnið. Lokaorð fylgja í kjölfarið.

Hugtök: framfarahyggja, efnahagslíf, áhrif, þróun, efnahagsaðstoð.

## 1. Skilgreining hugtaka

### 1.1 Framfarahyggja

Skilgreining á orðinu framfarahyggja (e. Progressivism) má segja að feli í sér hvatningu til framfara, breytinga eða umbóta í stað þess að viðhalda óbreyttu ástandi. Flestar umfjallanir um framfarahyggju eru tengdar pólitískum áhrifum, þegar stjórnmalaflokkar beita framfarahyggju til að ná sínu fram (Progressive, e.d.). Segja má að framfarahyggja Íslendinga hafi verið rík á þeim árum þegar Marshall-aðstoðin kom til framkvæmda. Þorsti landans eftir framþróun var greinilegur og greina má af þeim blaðgreinum sem skrifaðar voru á þeim tíma að hræðsla við stöðnun var bersýnileg. Svo sterkt var tekið til orða í einni ræðunni sem Thor Thors sendiherra hélt, að Íslendingum hefði reynst með öllu ómögulegt að verða sér úti um nauðsynjar ef Marshall-aðstoðarinnar hefði ekki notið við (Thor Thors, 1950).

### 1.2 Efnahagur

Efnahag (e. Economy) má skilgreina sem ákveðið ferli eða kerfi sem byggt er á framleiðslu hvers lands eða ríkis hverju sinni þar sem viðskipti með vörur eða þjónustu er viðhöfð (Economy, e.d.). Ef það er sett í samhengi við Ísland þá væri mögulega um að ræða útflutning og innflutning á afurðum bæði frá sjó og landi í formi fisks eða landbúnaðarvara sem hafa verið einar helstu útflutningsgreinar landsins á meðan innflutningur til landsins mætti segja að sé í formi jarðefnaeldsneytis, kornvöru og þess konar nauðsynja sem tryggja afkomu

---

þjóðarinnar. Við vöruskipti sem þessi ásamt þeirri þjónustu sem reiða þarf fram eða þiggja af öðrum, verður til þetta kerfi sem nefna má efnahagur.

### 1.3 Áhrif

Þegar rætt er um áhrif (e. Effect) er oftast talað um að eitthvað eða einhver hafi áhrif á eitthvað eða einhvern sem hafa breytingar í för með sér. Að hafa áhrif á eitthvað getur bæði verið jákvætt og neikvætt (Effect, e.d.). Þegar rætt er um áhrif í því samhengi sem rætt er um í þessari ritgerð er þá sjónum beint að þeim áhrifum sem Marshall-aðstoðin hafði og mögulega hefur enn á íslenskt efnahagslíf. Segja má að með innspýtingu fjármagns í því magni sem aðstoðin bauð upp á hafi haft áhrif á það sem fyrir var. Svigrúm til framfara skapaðist hraðar en mögulega hefði orðið ef aðstoðarinnar hefði ekki notið við. Hvort þau áhrif sem urðu með tilkomu aðstoðarinnar hafi verið að öllu leyti til góðs, ills eða bæði má mögulega greina í niðurstöðum rannsóknarinnar.

### 1.4 Þróun

Þróun (e. Development) mætti skilgreina sem svo að það sé ákveðin athöfn eða ferli sem framkvæmd er í þeim tilgangi að vaxa eða valda því að eitthvað vex eða verður stærra og meira en það sem fyrir er, skapa eitthvað á tilteknu tímabili (Development, e.d.). Segja má að Marshall-aðstoðin sé í þessu samhengi ákveðið ferli sem sett var í gang í þeim tilgangi að gera Íslendingum kleift að vaxa og dafna á efnahagslegum grunni og skapa þannig ákveðnar stoðir til framtíðar líkt og togarakaup, vélvæðing landbúnaðarins, reising virkjana og verksmiðja ber með sér. Með tilkomu aðstoðarinnar má því leiða líkum að því að ákveðin framþróun hafi átt sér stað og erfitt að spá fyrir um hvernig farið hefði fyrir þróun landsins ef aðstoðarinnar hefði ekki notið við.

### 1.5 Efnahagsaðstoð

Þegar rætt er um efnahagsaðstoð (e. Economic assistance) er átt við að aðstoð er veitt í formi lána, styrkja, fjárfestinga eða til annars konar útgjalda til hjálpar þeim sem þurfa (Economic Assistance, e.d.). Það má heimfæra yfir á Marshall-aðstoðina sem var veitt Íslendingum. Lán og styrkir voru veitt til að styrkja efnahag landsins þegar á

þurfti að halda. Færa má rök fyrir því að þrátt fyrir að Ísland hafi ekki verið verst stadda Evrópuríkið eftir Seinna stríð, hafði gjaldeyrisforðinn nær allur klárast og því ekki úr miklu að moða þegar til aðstoðarinnar kom og var hún því kærkomin fyrir landið til tryggja og treysta þær stoðir sem fyrir voru og skapa nýjar með efnahagsaðstoð Bandaríkjamanna.

## 2 Marshall-aðstoðin

Eins og áður hefur komið fram þá eru ekki margar rannsóknir að finna er varða þetta tiltekna viðfangsefni, það er að skoða áhrif og þróun þeirra helstu verkefna sem ráðist var í fyrir fjármagn Marshall-aðstoðarinnar. Hins vegar hefur mikið verið skrifað bæði í bókum, tímaritum og á veraldarvefnum sem vert er að vitna í og styðjast við. Gerð var MA-ritgerð þar sem fjallað var um Marshall-áætlunina og tæknivæðingu Íslands. Höfundur hennar er Sigrún Elíasdóttir og var hún skrifuð í júní 2012, þar má finna góðar heimildir fyrir þetta viðfangsefni höfundar sem styðjast má við (Sigrún Elíasdóttir, 2012). Þórhallur Ásgeirsson fyrrum ráðuneytisstjóri í Viðskiptaráðuneyti Íslands, skrifaði afar greinargóða útlistun á grundvallarþáttum aðstoðarinnar en hann gegndi því embætti á þeim tíma sem aðstoðin varði. Stuðst verður við þá útlistun til útskýringa fyrir grundvallarþætti úthlutunarinnar (Þórhallur Ásgeirsson, 1955). Ekki fundust aðrar rannsóknir um það hvort áhrifa aðstoðarinnar gæti enn í dag eða hver þróunin hafi verið né með hvaða hætti, því telur höfundur brýnt að skoða það, sér í lagi þegar litið er til sögulegra atburða á borð við Marshall-aðstoðina. Þá telur höfundur mikilvægt að skoða áhrif slíkra atburða til lengri tíma litið svo draga megi lærdóm af samvinnu, samstarfi og og greiðasemi þjóða hver fyrir aðra þegar á reynir. Blikur eru á lofti í dag í bæði í inn- og útflutningi landsins þar sem efnahagsástand víða í Evrópu er í uppnámi vegna innrásar Rússa í Úkraínu (Guðrún Hulda Pálsdóttir, 2022). Ekki sér enn fyrir endann á því og verður áhugavert að sjá hvernig og með hvaða hætti uppbygging Úkraínu kemur til með að fara fram, þá sér í lagi hvort alþjóðasamfélagið eða einhver ein þjóð taki sig til við að aðstoða.

### 2.1 Tilkoma og framkvæmd aðstoðarinnar

Marshall-aðstoðin (e. Marshall plan) er kennd við George C. Marshall fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Tilgangur hennar var að bjóða Evrópulöndum

fjárhagslegan stuðning eftir Seinna stríð til uppbyggingar, eflingar og viðreisn efnahagslífs þeirra. Upptök aðstoðarinnar eru rakin til ræðu er George C. Marshall hélt við Harvard háskólann þann 5. júní árið 1947 en þá bauð hann stuðning bandaríkjastjórnar sem og samvinnu til handa Evrópulöndum. Öllum Evrópulöndum stóð styrkveitingin til boða að Spáni undanskildu. Flest ríkin þáðu boðið um samstarfið en Sovétríkin og nokkur leppríki þeirra í Austur-Evrópu þáðu ekki boðið (Þórhallur Ásgeirsson, 1955, bls. 61).

Ísland var ein fátækasta þjóðin ef ekki sú fátækasta fyrir Seinna stríð. Hins vegar hagnaðist landið vel á hersetu Breta og Bandaríkjamanna og varð ein sú ríkasta eftir Seinna stríð. Segja má að bæði herseta ríkjanna sem og mikill útflutningur á íslenskum vörum hafi orðið þess valdandi að landið hagnaðist með þeim hætti sem það gerði. Áætla má að ekki hafi verið sýnd mikil ráðdeild í meðförum þess gjaldeyrisforða sem myndast hafði og var svo komið að árið 1947 var nánast allur sá forði uppurinn (Valur Ingimundarson, 1996, bls. 9). Thor Thors sendiherra Íslands í Bandaríkjunum á þeim tíma, skrifaði grein í Morgunblaðið á tveggja ára afmæli þátttöku Íslands í þessari samvinnu og mærði samstarfið í hvítetna. Hann gat þess í greininni að ef ekki hefði verið fyrir tilkomu styrksins, hefði Íslandi beðið örþingð og vonleysi, Íslendingum hefði reynst ókleift að kaupa vörur, skortur og kyrrstaða hefði beðið þjóðarinnar. Búfé hefði fallið, skipaflotinn bundinn við bryggju og öll ræktun hefði stöðvast. Það væri hins vegar bjartsýni og velmegun sem blasi við í staðinn (Thor Thors, 1950). Mætti því ætla að með slíku tali líkt og Thor Thors viðhafði, hafi von vaknað í brjósti landans um betri tíð.

Tony Judt sagnfræðingur setti fram kenningu þar sem hann taldi að tilgangur Marshall-aðstoðarinnar hafi verið þríþættur. Í fyrsta lagi hafi hún haft efnahagsleg áhrif, í öðru lagi pólitísk áhrif og í þriðja lagi hafi hún haft sálfræðileg áhrif. Hann hélt því fram að sálfræðilegu áhrifin hafi verið einna mest, mun meiri en efnahagslegu eða pólitísku áhrifin voru. Hann lét í veðri vaka að Bandaríkjamenn hafi náð að sannfæra Vestur-Evrópubúa um það að hjálp myndi berast þeim ef illa færi og þó svo að sú fjárhagsaðstoð sem var veitt hafi kannski ekki í öllum tilfellum skipt höfuðmáli, þá voru það sálfræðilegu þættirnir sem skiptu meira máli. Þjóðirnar fylltust bjartsýni og sjálfstraust þeirra jókst vitandi það að viðreisnarmúrar yrðu reistir með aðstoð annarra ef til þess kæmi (Judt, 2001, bls. 6–7).

## 2.2 Áætlun Marshall-aðstoðarinnar fyrir Ísland

Tilkoma og framkvæmd aðstoðarinnar tók ekki langan tíma. Eins og áður sagði þá voru spor hennar mörkuð á fyrrgreindum fundi sem George C. Marshall þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna hélt þar sem þessari aðstoð var heitið. Aðstoðin var svo komin til framkvæmda á Íslandi strax á fjárhagsáætlun 1948-49 (Þórhallur Ásgeirsson, 1955, bls. 63). Sú áætlun sem sett var fram fyrir Íslands hönd átti að fela í sér kaup á togurum, byggingu hraðfrystihúsa ásamt lýsisherslustöð. Þá átti að byggja stórar dráttarbrautir og fjárfesta í landbúnaðartækjum. Reisa átti áburðarverksmiðju, kornmyllu og sementsversmiðju ásamt því að virkja Sog og Laxá. Þegar þessi áætlun lá fyrir hljómaði hún frekar eins og ákveðinn óskalisti í stað þess að bera merki markmiðasetningar. Á fyrstu tveimur árunum eyddu íslensk stjórnvöld þó fjármagninu í að kaupa ýmsar nauðþurftir í formi olíu, kornvöru, fódurs og landbúnaðartækja. Eins og gefur að skilja voru ekki allir á eitt sáttir, hvorki við að taka þátt í þessu samstarfi og þiggja styrkinn, né heldur hvaða afleiðingar þetta gæti haft fyrir landið. Einar Olgeirsson sem dæmi, gagnrýndi þennan gjörning á Alþingi í október 1948 og taldi enga tryggingu vera fyrir því að vestræn efnahagssamvinna færði landinu örugga markaði. Kommúnistar ráku áróður fyrir því að landið myndi glata sjálfstæði sínu með því að gangast Bandaríkjunum á hönd og undirgangast þau skilyrði sem fylgdu en þrátt fyrir þann áróður voru margir vinstri jafnaðarmenn þó hlynntir aðstoðinni og töldu að hún kæmi að góðum notum (Valur Ingimundarson, 1996, bls. 152–153).

## 2.3 Efnahagssamvinnustofnun Evrópu

Með tilkomu Marshall-aðstoðarinnar voru mynduð samtök þeirra landa sem aðstoðina þáðu. Þau samtök fengu heitið *Efnahagssamvinnustofnun Evrópu* (e. The Organisation for European Economic Co-operation) eða OEEC. Tilgangur samtakanna voru þau að aðilar samtakanna ætluðu að hafa með sér náið samstarf í efnahagsmálum. Það átti að fara þannig fram að gera átti sameiginlega viðreisnaráætlun og sjá til þess að hún yrði framkvæmd. Þá áttu hlutaðeigandi að beita sér sérstaklega fyrir því að auka útflutning til þeirra landa sem ákváðu að þiggja ekki aðstoð Bandaríkjamanna (Þórhallur Ásgeirsson, 1955, bls. 62). Hlutverk stofnunarinnar var því að halda utan um veitingu Marshall-aðstoðarinnar. Árið 1961 var henni svo breytt í OECD (e. Orginaization for

Economic Co-operation and Development) eða *Efnahags-og framfarastofnunina*. Eftir þá breytingu voru það ekki eingöngu Evrópuríki sem áttu aðild heldur voru Bandaríkin og Kanada þá þegar orðnir aðilar að stofnuninni. Síðan þá hafa mörg önnur ríki utan Evrópu fengið aðild (Ívar Daði Þorvaldsson og Þorvarður Kjerulf Sigurjónsson, 2021).

## 2.4 Framlög og ráðstöfun Marshall-aðstoðarinnar

Heildarframlög Marshall-aðstoðarinnar til Íslands voru 38,65 milljónir bandaríkjadollara eða um 629.609.- íslenskra króna. Ljóst er því að um gríðarlega innspýtingu var að ræða inn í íslenskt efnahagslíf. Aðstoðin skiptist í þrennt: 29,85 milljónir dollara eða 77,2% voru óafturkræf framlög eða hreinar gjafir. Þá voru 5,3 milljónir dollara eða 13,7% lán með afar hagstæðum kjörum og svo 3,5 milljónir dollara eða 9,1% sem voru skilyrt framlög. Á þeim árum sem aðstoðarinnar naut við, urðu gríðarlegar breytingar á efnahagslífi Íslendinga. Úthlutun aðstoðarinnar kom strax til framkvæmda fyrir fjárhagsáætlun landsins 1948-1949 og varði allt til 1952-1953. Framkvæmdaáætlun var gerð eins og áður sagði og innihélt hún meðal annars byggingu nýrra virkjana við Sog og Laxá, byggingu Áburðarverksmiðju, aukningu á togarafлотanum, innflutning landbúnaðarvéla ásamt fleiri smærri verkefni sem þó voru landinu afar mikilvæg (Þórhallur Ásgeirsson, 1955, bls. 65–70).

Einn þáttur aðstoðarinnar var í formi tæknaaðstoðar. Sá þáttur hafði þann tilgang að auka framleiðni þeirra ríkja sem í hlut áttu. Íslendingar nýttu sér þetta og fóru sérfræðingar í kynnisferðir til Bandaríkjanna og fengu einnig bandaríska sérfræðingar hingað til lands. Þá voru farnar sérstakar náms- og fræðsluferðir í þeim tilgangi að bæta framleiðslu landsins. Þá fékkst töluverð aðstoð til kaupa á rannsóknartækjum og vísindaritum (Þórhallur Ásgeirsson, 1955, bls. 66). Hér á eftir verður farið í að skoða þá helstu þætti atvinnulífsins sem hvað mesta fjárveitingu fengu af Marshall-aðstoðinni.


### 2.4.1 Sjávarútvegur

Segja má að togaraútgerð landsins hafi tekið stórt stökk til framtíðar með tilkomu aðstoðarinnar. Gert var ráð fyrir því í upphaflegu áætlun Íslendinga að stuðla ætti að vexti sjávarútvegs og einnig að þróa nýjar atvinnugreinar tengdar sjávarútvegi til að koma í veg fyrir að hagkerfið yrði einhæft (Gunnar Á. Gunnarsson, 1996, bls. 93).



Áður en til aðstoðarinnar kom, var bátaveign Íslendinga að stærstum hluta í einkaveigu enda var flotinn frekar smár og hentugar einingar fyrir einkaaðila að reka. Hins vegar var umfang togarakaupanna það mikið að ekki þótti ráðlegt að einkaaðilar fjárfestu í slíku (Ólafur Björnsson, 1964, bls. 171–172). Hins vegar náðist samkomulag um að leyfa einkaaðilum að koma að borðinu og var ákveðið var að kaupa átta gufutogara og tvo díselvogara. Við úthlutun togaranna var ákveðið að auglýst yrði eftir áhugasömum kaupendum og komu bæjarfélög, fyrirtæki og einkaaðilar til greina við þá úthlutun (Jón Þ. Þór, 2005, bls. 61–63). Eftir nokkurt stapp um ráðstöfun togaranna, var ákveðið að fjórir togarar skyldu fara til Reykjavíkur, Austfirðingur, Útgerðarfélag Akureyrar, Vörður á Patreksfirði, Gylfi hf. á Patreksfirði, Ísfirðingur og svo bæjarútgerð Hafnarfjarðar fengu svo eitt skip hver. Síðutogararnir liðu undir lok og hurfu á braut einn af öðrum á sjöunda áratugnum og skuttogarar tóku við keflinu. Þeir þóttu mun betri við þær aðstæður sem Íslendingar búa við. Þeir gátu siglt lengra, veitt á meira dýpi og þoldu betur vólind veður (Þorleifur Óskarsson, 1991, bls. 90–96). Sjómannaþingið Víkingur greindi frá því árið 1979 að síðasti nýsköpunartogarinn væri farin úr landi en það var síðutogarinn Harðbakur EA 3 og var hann seldur í brotajárn til Skotlands (Þorleifur Óskarsson, 1991, bls. 189). Eins og sjá má af þessari töflu sem fer hér á eftir, þá hefur togaraútgerð Íslendinga tekið allmiklum breytingum allt frá því nýsköpunartogararnir voru keyptir. Svokölluð vélskip voru komin til sögunnar og voru þau alls orðin 693 talsins árið 2021 (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997; Hagstofa Íslands, 2022). Ekki hefur þó verið dans á rósum að reka togaraútgerð í gegnum tíðina. Tilheyrandi erfiðleikar líkt og aflabrestur og markaðsverð hafa löngum gert Íslendingum erfitt fyrir og valdið gjaldþrotum bæði hjá einstaklingum sem og félögum í sjárvarútvegsrekstri. Á árunum 1945–1970 voru opinber afskipti sveitarfélaga afar mikil. Það hefur þó dregið verulega úr þeim afskiptum á undanförunum áratugum en þó þykir enn sjálfsagt að sveitarfélögin stígi inn í aðstæður ef þannig ber undir. Bæði Reykjavík og Hafnarfjörður hurfu af sjónarsviðinu sem bæjarútgerðir án þess þó að atvinnulífið biði hnekki. Ýmsar ályktanir voru dregnar í því að mögulega hefðu verið teknar rangar ákvarðanir að leggja svo mikla áherslu á afskipti bæjar- og sveitarfélaga þegar kom að útgerðum. Þær skiluðu litlu öðru en tapi fyrir þá sjóði. Það þóttu hins vegar afar hæpnar ályktanir þegar litið er til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað eftir að fyrstu nýsköpunartogararnir litu dagsins ljós. Engu að síður hefur togaraútgerð verið einn helsti burðarásinn þegar litið er til stórstígra framfara og miklar vonir bundnar við að

með henni mætti auka velmegun og tryggja atvinnu landans (Þorleifur Óskarsson, 1991, bls. 198–199).



Mynd 1

#### 2.4.2 Landbúnaður


Á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, var orðið frekar þungt í búi hjá Íslenskum bændum. Alls konar áföll höfðu dunið á bændum og búaliði áratugina á undan þar sem meðal annars hraðari uppbygging þéttbýlisins heimtaði meira vinnuafli sem fékkst úr sveitunum. Auknar tækni framkvæmdir sem og aukin tilkoma menningar, löðuðu unga fólkið úr sveitunum í bæinn. Þá fylgdu alvarlegri atburðir í kjölfar þeirra fyrrnefndu en sauðfjársjúkdómar héldu innreið sína í íslenska bústofninn með tilheyrandi falli gripa og búsyfjum. Engan bilbug var þó að finna í bændum. Það ríkti mikil framfarhyggja í Íslendingum á þessum árum og framfaratrú. Það var orðið tímabært að uppfæra landbúnaðinn til framtíðar. Það voru þó ekki allir sem sáu sér fært að halda áfram búskap og fluttu á mölina í leit að lífvænlegra lífi. Ráðamenn þjóðarinnar tóku höndum saman með bændum og hétu umtalsverðu fjármagni til varnar sauðfjársjúkdómum. Það fékkst því fjárveiting frá Marshall-aðstoðinni til að vél- og tæknivæða landbúnaðinn sem um munaði (Árbók Landbúnaðarins, 1951, bls. 31–32). Gerðar voru áætlanir og búin flokkuð eftir þeirri þörf sem átti að mæta hverju sinni. Fyrsti búsflokkur þótti það smár að ekki var talin þörf á vél- eða tæknivæðingu heldur ætti að halda áfram að beita hestum sem dráttarafli og sjá þeim þá fyrir öllum þeim verkfærum sem til þyrfti. Annar flokkur og jafnframt sá fjölmennasti, þótti geta hagnýtt all-fullkomna tækni eins og það var orðað á þjóðhagslega hagkvæman hátt.

Dráttarvél var þar innifalin. Svo var það þriðji flokkurinn sem þótti þarfnast fullkomustu tækni-og vélvæðingar. Innan þess flokks töldust opinber bú, samvinnubú og svo félagsbú. Heilmikil vinna var lögð í þessa flokkun og mat á þörfinni. Allt var það gert í þeim tilgangi að búa bændum hagkvæmari rekstrarskilyrði til að auka framleiðslu og fjölga búum (Árbók Landbúnaðarins, 1951, bls. 38, 54–55).

Vert er að skoða hvernig þessum helstu búgreinum sem fylgt hafa þjóðinni frá örófi alda hefur reitt af allt frá árinu 1950 þar sem Marshall-aðstoðin er komin til framkvæmda að hluta og sjá hvernig þróunin hefur verið allt fram til ársins 2020. Framleiðsla á landbúnaðarafurðum jókst ört eftir tilkomu Marshall-aðstoðarinnar eftir Seinna stríð. Var svo komið í kringum 1960 að þjóðin var orðin sjálfbær með allar helstu búvörur. Fram til 1980 var aukningin svo hröð fyrir tilstuðlan og hvatningu stjórnvalda að til offramleiðslu kom eins og víða annarsstaðar í Evrópu. Bregðast þurfti við því ástandi og það var gert með því að setja á ný lög um Framleiðsluráð frá 1979 sem síðar leiddi til búvörulaga og búvörusamninga. Þeir gjörningar leiddu það af sér að bændur fengu ekki greitt að fullu fyrir framleiðslu sína nema upp að vissu marki sem síðar leiddi af sér kvótafyrirkomulag þar sem kvótinn var framseljanlegur. Samdráttur varð í útflutningi kindakjöts og teknar voru upp svokallaðar beingreiðslur. Þá fóru stjórnvöld í þær aðgerðir að kaupa upp framleiðslurétt bænda og átti það að gera þeim kleift að bregða búi og finna sér önnur störf eða gera þeim kleift að hætta störfum í kringum sjötugt eins og aðrar starfsstéttir gera ráð fyrir. Þessar aðgerðir ásamt fleirum gerðu það að verkum að stöðugleiki komst á og offramleiðslu var útrýmt. Að sama skapi dró þá úr fjárhagsaðstoð í gegnum skattkerfið og frá neytendum (Þorsteinn Vilhjálmsson, 2011).


Eins og sjá má á þessum myndritum sem á eftir koma, þá hafa þessar fjórar helstu búgreinar nautgriparækt, sauðfjarrækt, hrossarækt og geitarækt síður en svo haldist í hendur er varðar þróunina á fjölda gripanna.

Fjöldi nautgripa hefur aukist svo til jafnt og þétt og var fjöldi þeirra 44.505 árið 1950 og orðinn 80.643 gripir árið 2020. Vart greinanleg fækkun átti sér stað í kringum árið 2000 og 2010 en jókst svo aftur árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2022 ; Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997).




Mynd 2

Það er ekki hægt að segja sömu sögu um sauðféð. Það var greinilega mikill uppgangur á sjötta áratugnum, sem var fyrsti áratugurinn eftir að Marshall-aðstoðin kom til. Þá fór fjöldi sauðfjár úr 415.544 upp í 833.841. Þannig hélt fjöldinn nokkuð í horfinu allt til ársins 1990 en þá var fjöldi sauðfjár kominn niður í 548.508, þar hefur að öllum líkindum offramleiðslan sagt til sín og þær aðgerðir sem farið var í vegna hennar. Sauðfénu hefur svo farið nokkuð stöðugt fækkandi frá því. Staðan árið 2020 er sú að einungis 401.022 sauðfjár var skráð í landinu.




Mynd 3

Fjöldi hrossa hefur hins vegar verið ögn sveiflukenndari. Árið 1950 voru 42.280 hross skráð í landinu. Næstu tveir áratugir voru heldur niður á við en svo upp úr 1980 hófst ákveðin upprisa. Hún varði fram til 2010 og þá féll fjöldinn aftur. Árið 2020 var fjöldinn kominn niður í 58.466. Þá er ekki gerður greinarmunur á því hvort um hrossaræktun til manneldis sé að ræða eða ræktun reiðhrossa.



Mynd 4

Geitur hafa fylgt þjóðinni lengi en kannski ekki verið í ræktun af svipuðum toga og annað búfé. Forvitnilegt er samt að skoða þróunina í geitarækt samhliða hinum stofnunum. Árið 1950 voru einungis 207 geitur skráðar á landinu. Þeim fór heldur fækkandi á milli 1950 og 1960. Stofninn hvarf svo alveg á milli 1960 og 1970 en var svo skráður aftur árið 1980 með 220 gripum. Stofninn hefur verið í stöðugri sókn allt frá þeim tíma og var svo komið að árið 2020 voru skráðir yfir þúsund gripir í landinu.




Mynd 5

### 2.4.3 Virkjanir

Ráðist var í byggingu tveggja vatnsaflsvirkjana fyrir hluta af Marshall-aðstoðinni. Þær voru staðsettar annars vegar í Laxárvirkjun og hins vegar í Soginu. Laxárvirkjun var virkjuð fyrst árið 1938. Stækkun var svo gerð árið 1944 og enn meiri stækkun stóð fyrir dyrum árið 1947 en vegna fjárskorts voru þær fyrirætlanir settar á bið. Með tilkomu Marshall-aðstoðarinnar var hægt að ráðast í fyrrgreinda stækkun og hleypt var á hana 1953 (Helgi M. Sigurðsson, 2002, bls. 102–103). Fyrsta virkjun Sogsins var gangsett árið 1937 en þá var Ljósafoss virkjaður. Það var svo árið 1946 sem heimild fékkst til að virkja Írafoss og Kistufoss í Soginu. Það varð niðurstaðan að með

Marshall-aðstoðinni skyldi bætt við Írafossvirkjunina (Helgi M. Sigurðsson, 2002, bls. 132). Segja má að bygging Írafossvirkjunar ásamt byggingu Áburðarverksmiðju ríkisins, hafi verið fyrsti vísir Íslendinga á að koma á fót orkufrekum iðnaði eða svokallaðri stóriðjustefnu (Sigrún Pálsdóttir, 2005, bls. 30–31). Það virðist hafa gengið hratt og örugglega fyrir sig að rafvæða landið. Árið 1950 var búið að rafvæða ríflega 75% af íbúafjölda landsins og var svo komið árið 1975 að allir Íslendingar voru taldir hafa aðgang að rafmagni. Það gekk aðeins hægar að rafvæða sveitir landsins og árið 1950 voru einungis 13% sveitabýla rafvædd en voru fullrafvæddar árið 1975. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan hefur aukningin orðið umtalsverð með tilkomu enn frekari framkvæmda, aukningu í stóriðju og fleiri þátta (Hagstofa Íslands, 2022). Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og tók formlega til starfa þann 1. júlí 1965. Landsvirkjun tók við öllum vatnsréttindum sem tilheyrðu Reykjavíkurborg ásamt öllum réttindum ríkis og borgar til virkjana sem tilheyrðu Soginu sem og Þjórsá. Þá áttu ríkið og Reykjavíkurborg helmingshlut hvort. Upphaflega var farið þess á leit við Akureyrarbæ að Laxá myndi einnig fara undir Landsvirkjun en um það náðist ekki samkomulag. Nokkar stórar virkjanaframkvæmdir litu svo dagsins ljós næstu ár á eftir sem dæmi má nefna Búrfellsvirkjun og Blönduvirkjun (Sigrún Pálsdóttir, 2005, bls. 42-43,55,82).



Mynd 6

#### 2.4.4 Áburðarverksmiðja

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi var eitt af stóru verkefnum sem ráðist var í fyrir fé frá Marshall-aðstoðinni. Hún var stofnuð árið 1952 og vígð tveimur árum síðar eða 22. maí 1954. Það sama ár hófst framleiðsla áburðar á Íslandi. Einn megin tilgangur verksmiðjunnar var að auka öryggi ræktunar og afkomu landbúnaðarins. Tryggja átti nægjanlegan áburð án utan að komandi áhrifa. Til að verksmiðjan gæti gengið þurfti raforku og fékkst hún frá Sogsvirkjun. Það ríkti mikil bjartsýni og framfarahyggi allsráðandi við opnun verksmiðjunnar. Ingólfur Jónsson þáverandi iðnaðarmálaráðherra sagði í ræðu sinni sem hann hélt við opnunina að hann hefði mikla trú á framförum og ekki síður getu Íslendinga, en hins vegar þyrfti að fara með gát. Átti hann við að allar framkvæmdir skyldu gerðar að vel athuguðu máli fróðustu sérfræðinga hverju sinni. Þá taldi hann að þetta væri aðeins upphafið að uppbyggingu stóriðju á Íslandi til framtíðar (Ingólfur Jónsson, 1954).

Ekki leið á löngu frá því opnað var þangað til menn fóru að tala um stækkun verksmiðjunnar. Í fyrstu var það takmörkun raforku sem kom í veg fyrir að verksmiðjan gæti starfað af fullri getu en síðar kom til meiri raforka með tilkomu nýju virkjananna við Sog og því var stækkun komin á teikniborðið (Hjálmar Finnsson, 1957, bls. 148–149).

Það var þó svo að á níunda áratug síðustu aldar að raddir sem höfðu umhverfissjónarmið að leiðarljósi urðu æ háværrari um að verksmiðjan væri mengandi og hættuleg umhverfinu. Ráðist var í skoða áhrifin sem og hvort hentugra undirlendi fyndist. Byggð var tekin að þéttast við Gufunesið og stóð fólki stuggur af verksmiðjunni svo nálægt íbúabyggð. Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd árið 1986 til að kanna hversu hagkvæm innlend framleiðsla á áburði væri samanborið við innfluttan áburð. Í stuttu máli voru niðurstöðurnar þær að þegar upp var staðið var framleiðsla verksmiðjunnar samkeppnishæf. Reksturinn var kominn í gott jafnvægi. Hins vegar voru borgaryfirvöld ekki á eitt sátt við að hafa verksmiðjuna í Gufunesinu. Þá var skipuð önnur nefnd árið 1990 sem átti að kanna hagkvæmina í því að færa verksmiðjuna á nýjan stað. Skemmst er frá að segja að það þótti ekki hagkvæmt. Ekkert væri því til fyrirstöðu að íbúabyggð næði alveg að verksmiðjusvæðinu. Miklar

og strangar öryggiskröfur voru gerðar og þeim fylgt eftir í hvívetna að þeirra sögn (Egill Jónsson, 1989).

Það var svo 1. október 2001 að mikil sprenging átti sér stað í verksmiðjunni. Sprengingin átti sér stað í viðbyggingu ammoníaksverksmiðjuhlutans. Enginn starfsmaður var í húsinu þegar sprengingin varð svo engin slys urðu á mönnum. Talið var að leki hafi orðið til þess að gas myndaðist sem safnaðist fyrir í holrúmi þar sem sprenging varð. Þá var viðhald talið vera ábótavant og öryggiskröfur ekki uppfylltar þrátt fyrir að öðru hafi verið haldið fram. Upp frá þessu var framleiðslunni hætt og verksmiðjunni lokað. (Eyjólfur Sæmundsson og Steinar Harðarson, 2001).

## 3 Aðferðarfræði

### 3.1 Rannsóknaraðferð

Sú rannsóknaraðferð sem beitt var í þessu verkefni var fræðilegs eðlis að mestu. Segja má að um eigindlega rannsókn sé að ræða að hluta þar sem vitnað var í eldri viðtöl og skrif en þó engin ný viðtöl tekin. Þar sem afar mikilvægt er að skilja vel það efni sem tekið er fyrir, var stuðst við hina svokölluðu Sorbonne-aðferð. Hún felur í sér að taka það efni sem höfundur hefur og kryfja það niður, skilja þann efnivið sem fyrir hendi er og mynda sér sjálfstæða skoðun á því. Þá ber að skoða vel bæði styrkleika og veikleika efnisins (Hafðís Skúladóttir og fl., 2021b, bls. 41). Höfundur fór yfir þær rannsóknir sem fyrir lágu og eins og áður hefur komið fram var kannski ekki um auðugan garð að gresja. Engar erlendar rannsóknir fundust um svipað efni og einungis ein MA-ritgerð þar sem skoðuð var tæknivæðing Íslands með tilkomu Marshall-aðstoðarinnar. Þar sem við vinnslu þessa verkefnis var bæði stuðst við sögulegan atburð sem og samtímaatburð, þurfti höfundur að leggjast í heimildalesningu bæði um áhrifin og þróunina fyrr á tímum sem og nú í samtímanum. Hins vegar þótti höfundi þessi rannsóknaraðferð henta best þar sem um sögulegan atburð er að ræða og þær greinar og rannsóknir sem fyrir eru gefa ákveðna samsvörun að hluta. Þar sem um afar víðfeðmt efni er að ræða, ákvað höfundur að taka fyrir helstu og stærstu verkefnin sem ráðist var í með tilkomu Marshall-aðstoðarinnar. Sjávarútvegur, landbúnaður, virkjanir og Áburðarverksmiðjan voru því til skoðunar. Byrjað var á að skoða stöðu fyrrgreindra atvinnugreina árið 1950 til þess að geta séð hver þróunin hefur orðið fram til ársins 2020 og rýnt í hvort áhrifa aðstoðarinnar gæti enn í dag.



## 3.2 Framkvæmd og greining

Hafist var handa á sumarmánuðum árið 2022 við að leita svara við því hvað höfundur ætlaði að skrifa um í þessari ritgerð. Eftir að höfuð hafði verið lagt í bleyti all nokkrum sinnum, mundi höfundur eftir þessu áhugaverða verkefni Marshall-aðstoðinni sem getið var um í námskeiðinu *Efnahagssamruni Evrópu*. Heimildaöflun hófst strax í byrjun sumars. Höfundur skoðaði flest það ritrýnda efni sem var að finna og grisjaði úr það sem nýta ætti og þótti varpa sem skýrastri mynd á viðfangsefnið. Þar sem höfundur var að skoða áhrif Marshall-aðstoðarinnar eftir Seinna stríð, þróunina fram til nútímans og svo möguleg áhrif í dag, var ljóst strax í upphafi að umfangið var mikið. Þar sem leitast var við að svara rannsóknarspurningunni: „*Hver voru áhrif Marshall-aðstoðarinnar á íslenskt efnahagslíf og hver hefur þróunin verið fram til dagsins í dag?*“ var ljóst að þrengja þurfti viðfangsefnið og ákvað því höfundur að skoða þær atvinnugreinar sem hvað mest fengu í ráðstöfun á því fé sem Marshall-aðstoðin veitti. Skoðuð var togaraeign landsins fyrr og nú til að geta lagt mat á það hver þróunin hefur verið og þá hvort aðstoðin hafi mögulega lagt grunn að þeirri togaraeign sem raun ber vitni í dag. Þess má geta að töluvert var af afleiddum verksmiðjum sem risu sem gert var í þeim tilgangi að ná fram fjölbreytni í atvinnulífinu þegar litið er til sjávarútvegsins og togarakaupin því ekki þau einu sem framkvæmd voru í tengslum við sjávarútveginn. Þá var landbúnaðurinn tekinn fyrir og skoðaður var fjöldi búfjár allt frá árinu 1950 fram til ársins 2020. Þá var skoðað hvort fjölgun eða fækkun hafi orðið á búpeningi sem getur hugsanlega verið ágæt mælieining á hversu mikil framþróun hefur mögulega átt sér stað eða ekki.

Virkjanirnar við Sog og Laxá voru teknar til skoðunar og kannaðar voru notkunartölur á raforku allt frá árinu 1950 til ársins 2020 og þróun fylgt eftir er varðaði rafvæðingu íslenskra heimila og aðgengis að rafmagni. Að síðustu var tekin fyrir

Áburðarverksmiðjan sem reist var fyrir hluta Marshall-aðstoðarinnar. Hún starfaði allt frá 1954 og fram til ársins 2001 þegar henni var lokað eftir að sprenging hafði orðið í verksmiðjunni. Hún var umdeild, sérstaklega í seinni tíð þar sem íbúabyggð var í örum vexti á höfuðborgarsvæðinu og íbúum féll illa að vera með svo umfangsmikla verksmiðju nánast í bakgarðinum. Tilfærslur verksmiðjunnar voru af og til viðraðar en örlög hennar réðust eftir að sprengingin varð, en eftir stendur vangaveltan um það hjá höfundi hvort mögulega hefði verið vert að færa hana til svo ekki kæmi til lokunar

í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í dag þar sem nánast ógjörningur er fyrir Íslenska bændur að kaupa innfluttan áburð (Hólmfríður María Ragnhildardóttir, 2021).

### 3.3 Áreiðanleiki og réttmæti

Þegar rætt er um áreiðanleika og réttmæti rannsókna er verið að vísa til þess að um einskonar mælikvarða sé að ræða á gæðum rannsókna. Áreiðanleiki felur í sér hvort að líkur séu á að fá sömu niðurstöðu úr rannsókninni yrði hún endurtekin og einnig hvort um stöðugleika sé að ræða sem og traustleika. Réttmæti aftur á móti er skipt niður í ytra og innra réttmæti. Innra réttmætið er notað til að skoða hvort að sú mynd sem birt er af ætluðum veruleika eigi sér stoð í raunveruleikanum og þá hvort trúverðugleikinn og sannleiksgildið sé til staðar þegar dregnar eru ályktanir af þeim niðurstöðum sem birtar eru. Þegar ytra réttmæti er notað er verið að skoða notagildi rannsóknarinnar og hvort það megi alhæfa um niðurstöðuna með tilliti til annarra aðstæðna. Þá er mikilvægt að halda hlutleysi. Bakgrunnur og reynsla höfundar má ekki lita hvorki rannsóknarferlið né niðurstöður rannsóknarinnar (Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2021, bls. 222–225). Höfundur reyndi að gæta þess að draga fram þær hagtölur sem mögulega gætu varpað hvað bestu ljósi á þá þróun sem hefur átt sér stað innan þeirra greina sem hvað mest fjármagn fór í þegar Marshall-aðstoðin var veitt. Þá var höfundur meðvitaður um sínar eigin skoðanir og bakgrunn og gerði sitt besta í að halda hvoru tveggja í skefjum við vinnslu rannsókarinnar. Telja má áreiðanleika alls þess talnaefnis sem getið er í þessari rannsókn mikinn þar sem þær eru opinberar tölur gefnar út af Hagstofu Íslands. Þá reyndi höfundur að auka trúverðugleika rannsóknarinnar með því að rýna vel í rannsóknina sem Sigrún Elíasdóttir (2012) framkvæmdi og draga fram þá þætti sem við áttu þegar litið var til vél-og tæknivæðingu og gera samanburð á því. Það leiddi af sér ákveðin líkindi en þrátt fyrir það þá komu fram ákveðnar vísbendingar um aðra þætti sem áhugavert væri að rannsaka enn frekar þegar litið er til ytra réttmætis. Vitnað var í greinar sem framámenn þess tíma skrifuðu og geta því talist áreiðanlegar heimildir þar sem þessir ágætu menn stóðu í eldlínunni þegar Marshall-aðstoðin kom til. Þetta eru allt hagtölur sem Hagstofa Íslands heldur utan um. Það fræðiefni sem stuðst er við, er í all flestum tilfellum ritrýndar heimildir um sögulegan atburð, þróun hans og áhrif.

### 3.4 Takmarkanir

Þær takmarkanir sem helstar mætti nefna eru að ekki er hægt að fullyrða með óyggjandi hætti hvort og þá með hvaða hætti áhrifa Marshall-aðstoðarinnar gæti enn í dag þrátt fyrir að sýnt sé fram á þá þróun sem hefur átt sér stað. Fjölmargir þættir og breytur geta átt sinn þátt í þróun þeirri sem höfundur getur um í þessari rannsókn. Fólksfjölgun, bættur hagur, fjölbreytni í atvinnulífi og bætt híbýli eru mögulegir áhrifavaldar. Marshall-aðstoðin drap víða niður fæti í íslensku samfélagi og hefði verið ógjörningur að vega, meta og rannsaka hvern og einn þátt. Þá gæti mögulega falist ákveðin takmörkun í því að rannsaka togaraeign landsins í stað þess að skoða aflabrögð þessara ára. Hugsanlegt er að betra samhengi hefði fengist ef þær tölur hefðu verið skoðaðar samhliða. Einnig má segja það sama þegar litið er til landbúnaðarins. Möguleg stærð og samsetning bújarða hefði verið áhugavert að skoða í samræmi við þann fjölda búfjár sem litið var til.

## 4 Niðurstöður

Þegar rannsóknin er tekin saman má segja höfundur hafi komist að þeirri niðurstöðu að þau áhrif sem Marshall-aðstoðin hafði á íslenskt efnahagslíf hafi verið töluverð, það er óumdeilt. Mögulega hefðu Íslendingar dregist aftur úr öðrum Evrópuþjóðum í framþróun ef ekki hefði aðstoðarinnar notið við. Ísland hafði hagnast vel á hersetu Breta og Bandaríkjamanna á meðan stríðinu stóð en svo var komið að sá gjaldeyrisforði sem safnast hafði var nánast uppurinn þegar til aðstoðarinnar kom. Ætla má að húsakostur landsmanna sem og vél-og tæknivæðing hefði dregist verulega aftur úr vegna þeirrar fjárhagsstöðu sem þá blasti við í landinu. Mikil uppbygging hófst til sjávar og sveita, eins og áður hefur komið fram voru keyptir togarar, landbúnaðartæki, virkjanir reistar og Áburðarverksmiðja sett á fót.

Mögulega gerðist þetta allt aðeins of hratt fyrir svo litla þjóð sem Ísland er. Fram að þeim tíma sem Marshall-aðstoðin kom, höfðu framfarir í sjávarútvegi og landbúnaði verið á afar hægri uppleið sem og rafvæðing heimila á Íslandi. Rafvæðing til sveita var vart mælanleg. Ákveðin líkindi eru með þessari rannsókn og þeirri sem Sigrún Elíasdóttir (2012) framkvæmdi þar sem fram kom að ekki hafi allar fjárfestingar með Marshall-aðstoðinni verið til framdráttar líkt og margar fiskverksmiðjur sem reistar voru víða um land, þær treystu eingöngu á aflabrögð sem

hafa gjarnan verið óáreiðanleg í gegnum tíðina, það varð til þess að dýrar, vel útbúnar verksmiðjur stóðu tómar árum saman þegar aflabrestur varð. Hugsanlega var framboðið sem varð og eftirspurn eftir landbúnaðarvörum ekki að haldast í hendur sem leiddi af sér offramleiðslu þar sem mikil áhersla var lögð á stækkun bújarða. Í kjölfarið vaknar því sú spurning hvort Áburðarverksmiðjan hefði í raun átt að vera það forgangsverkefni sem hún varð og markaði þá stóriðjustefnu sem lifir enn í dag. Það er engu að síður mat höfundar að þegar litið er til útflutningsvara í formi landbúnaðarafurða og sjávarútvegsafurða, að hvort tveggja eru þess konar framleiðsla að erfitt getur reynst að spá fyrir um þörf, eftirspurn og framleiðslu þeirra í ljósi þess að örar breytingar á neysluvenjum víða um heim geta haft þar áhrif ásamt fleiri þáttum líkt og samgöngur, verð á mörkuðum, framboð í öðrum löndum og fleira. Þá getur reynst erfitt að spá fyrir um fiskistofna hér við land og hve mikið hægt er að treysta á þá, þó svo að þeir hafi verið Íslendingum heilladrjúgir til framfara í gegnum tíðina, þrátt fyrir sveiflukenndar veiðar og markaði.

Í ljós hefur komið við framkvæmd rannsóknar þessarar að Íslendingar voru og hugsanlega eru enn framkvæmdaglaðir og óhræddir við að taka stórar og miklar ákvarðanir þegar þess er þörf, svo lengi sem trú þeirra sé sú að þær ákvarðanir leiði til betri lífskjara. Þar er samhljómur við þá kenningu sem Tony Judt (2001) hélt fram sem var að Marshall-aðstoðin hafi ekki síst verið sálfræðileg. Virkjanirnar sem reistar voru, eru enn í sókn og hafa miklar framfarir orðið þrátt fyrir að enn í dag sé ekki hægt að tryggja raforkuöryggi landsmanna sem hefur þó ekki með raforkuframleiðsluna að gera heldur dreifikerfið sjálft. Stórar og miklar virkjanir á borð við Búrfellsvirkjun og Blönduvirkjun mætti segja að séu afleiddar virkjanir þeirrar þróunar sem varð með tilkomu stóriðjustefnunnar, sem aftur varð til að fróðra manna sögn með tilkomu Áburðarverksmiðjunnar. Svarið við rannsóknarspurningunni „*Hver voru áhrif Marshall-aðstoðarinnar á íslenskt efnahagslíf og hver hefur þróunin verið fram til dagsins í dag?*“ er því í fyrsta lagi að áhrifin sem Marshall-aðstoðin hafði á íslenskt efnahagslíf voru helst þau að Íslendingum var gert kleift að fjárfesta í fjárfrekum atvinnuvegum og veitt svigrúm til ráðstöfunar á því fjármagni nánast eins og þeir vildu. Mögulega voru ekki teknar skynsamlegustu ákvarðanirnar þegar kom að uppbyggingu og staðsetningu á ýmsum þáttum líkt og nokkrum hraðfrystihúsum sem einungis voru starfrækt tímabundið og svo lokað af ýmsum ástæðum. Þá má nefna Áburðarverksmiðjuna og staðsetninguna á henni sem allt of fljótt var farið að þrengja að með uppbyggingu íbúabygðar.

Áburðarverksmiðjan þjónaði að er virðist vel sínum tilgangi framan af sem þó endaði með hveli í orðsins fyllstu merkingu. Það er þó óumdeilt að líf skjör Íslendinga bötunðu til muna vegna þeirrar raforku sem varð til með þeim virkjunum sem reistar voru fyrir það fjármagn sem fékkst með aðstoðinni og þeirra hröðu breytinga sem urðu í því að rafvæða heimili og fyrirtæki mun hraðar en gert hafði verið ráð fyrir. Áhrifin mætti því segja að hafi verið heilt yfir til bóta fyrir íslenskt samfélag eða að jafnaði góð. Þróunin fram til dagsins í dag eða seinni hluti rannsóknarspurningarinnar, segir svipaða sögu. Sjávarútvegurinn stendur sterkur en hefur þó gengið í gegnum djúpar dýfur en einnig náð háum hæðum. Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað með tilkomu nýmóðins fiskiskipa þar sem hraðfrystihús urðu óþörf og öll vinnsla sjávarfangsins fer fram um borð, gömlu sjávarplássin hafa glatað sínum skipum og veiðiheimum, þurft að leita nýrra leiða til að bæta sinn hag og reyna að sporna gegn fólksfækkun. Landbúnaðurinn fékk hressilega innspýtingu sem bæði varð til þess að miklar framfarir urðu á véla- og tækjakosti bænda sem aftur leiddi af sér offramleiðslu á landbúnaðarafurðum. Framleiðslan náði þó jafnvægi en þrátt fyrir það þá er gríðarleg fækkun sauðfjár í landinu á meðan fjöldi nautgripa hefur farið fjölgandi sem og fjöldi hrossa að árinu 2020 undanskyldu. Geiturnar eru hástökkvararnir en hvort meiri framtíð sé í geitarækt hér á landi frekar er sauðfjárrækt skal ósagt látið hér. Það má því færa rök fyrir því að áhrifa Marshall-aðstoðarinnar gæti enn í dag, mögulega víðar en það sem farið er yfir í þessari rannsókn.

## 5 Umræður og ályktanir

Tilgangur og markmið þessarar ritgerðar var að varpa ljósi á þau áhrif sem Marshall-aðstoðin hafði á íslenskt efnahagslíf og þá hver þróunin hefur verið og hvort þeirra áhrifa gæti mögulega enn í dag. Leitast var við að finna svör við rannsóknarspurngunni *Hver voru áhrif Marshall-aðstoðarinnar á íslenskt efnahagslíf og hver hefur þróunin verið fram til dagsins í dag?* Það má segja að áhrifin hafi mögulega verið mikil þegar aðstoðin fékkst. Hægt var að bæta lífsskilyrði Íslendinga til muna mun hraðar en hugsanlega hefðu annars orðið. Uppbygging sjávarútvegs og landbúnaðar varð mun hraðari en ella. Það mætti leiða líkum að því að hugsanlega hafi þetta gerst of hratt fyrir svo smátt samfélag sem Ísland var. Togaraútgerðin vissulega stækkaði og var þeim dreift um landið til að tryggja afkomu smærri byggðarlaga og sama má segja um landbúnaðinn þar sem fjölgun búfjár óx samhliða


---

þeirri vélvæðingu sem átti sér stað. Virkjanirnar sem reistar voru gerðu mun fleiri heimilum sem og verksmiðjum kleift að vaxa og mun fleiri fengu aðgang að rafmagni en áður var. Landsvirkjun varð svo til árið 1965 og varð töluverð uppbygging í kjölfar þess. Uppbygging Áburðarverksmiðjunnar var að mörgu leiti talin vera upphafið að stóriðjustefnu Íslendinga. Þar var einkum einn veigamikill þáttur sem skorti og það var að velja verksmiðjunni varanlega staðsetningu með tilliti til uppbyggingar íbúðabyggðar innan borgarmarkanna. Hugsanlega væri hægt að færa rök fyrir því að hún væri enn starfandi ef staðsetningin hefði verið önnur. Hugsunin um að verkmiðjan gerði landbúnaðinn óháðan áburðarkaupum annarsstaðar frá, hefði mögulega leyst þann vanda sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir í dag.

Þegar rætt er um sögulegt gildi Marshall-aðstoðarinnar sem að mati höfundar er afar mikilvægt, sést á nýlegri grein sem birt var í Morgunblaðinu að enn þann dag í dag er litið til aðstoðarinnar sem þátt í endurreisn efnahagslífsins. Nú er rætt um að þörf sé á nýrri Marshall-áætlun fyrir stríðshrjáð lönd líkt og Úkraínu sem varð fyrir barðinu á Rússum í ársbyrjun 2022 eins og þekkt er. Í fyrirnefndri grein lét Olaf Scholz kanslari Þýskalands þau orð falla á ráðstefnu í Berlín að það dygði ekkert minna en að gera Marshall-áætlun fyrir 21. öldina og að Úkraína þyrfti á alþjóðasamfélaginu að halda til að endurreisa innviði landsins í kjölfar stríðsátakanna sem staðið hafa (Morgunblaðið, 2022). Það mætti því draga þá ályktun að samstarf og samvinna Evrópuríkja sé lykilatriði þegar á reynir, hvort heldur sem um er að ræða stríðsátök, alheimsfaraldra eða önnur áföll sem dunið geta á heimsbyggðinni.

## 6 Lokaorð

Afar áhugavert var fyrir höfund að takst á við þetta verkefni að rannsaka áhrif Marshall-aðstoðarinnar á efnahagslíf Íslendinga sem og að skoða hvort og þá með hvaða hætti þeirra áhrifa mögulega gætir enn í dag og hver þróunin hefur verið. Það er höfundi ljóst og mat hans að þessi innspýting varð landinu til góðs á flestan hátt. Íslendingar höfðu vissulega hagnast vel á hersetu Breta og Bandaríkjamanna á stríðsárunum en sá hagnaður var að þrotum kominn þegar Marshall-aðstoðin kom til sögunnar og því að mati höfundar mikilvæg á þeim tímapunkti. Ekki er hægt að fullyrða að allt hafi leikið í blóma hér á landi vegna þess, en þegar á heildina er lítið varð mikill uppgangur í atvinnulífi til sjávar og sveita. Fleiri störf urðu til og lífskjör bötundu með tilkomu betra og víðtækara raforkusambands sem dæmi. Þróunin fram til dagsins í dag hefur verið með ýmsum hætti. Fjölgun togara segir ekki alla söguna þar sem ekki lifðu allar þær útgerðir af þegar á leið en aðrar urðu til. Landbúnaðurinn var sveiflukenndur og mætti mögulega segja að þrátt fyrir heilmiklar framfarir í vélvæðingu skapaðist annað vandamál í formi ofræktunar og offramleiðslu á kjöti um tíma sem síðar náði jafnvægi að því er virðist en þrátt fyrir það, þá fækkar sauðfé til muna og fækkar enn. Virkjanaframkvæmdir myndi höfundur telja að hafi komið hvað best út þegar þróunin er skoðuð. Bygging virkjana við Sog og Laxá og uppbygging síðar meir héldu áfram og með tilkomu Landsvirkjunar urðu verkefnin stærri og fleiri sem nýttust þá bæði til einkanota sem og stóriðju. Áburðarverksmiðjan starfaði lengi en íbúabyggð þróaðist hratt á þessum tíma sem gerði staðsetningu verksmiðjunnar að bitbeini og mögulega hefði þurft betri innsýn og rökréttari ákvarðanatöku við staðsetninguna á sínum tíma. Hins vegar var það fleira sem kom til þegar henni var lokað á endanum líkt og vöntun á eftirfylgni öryggisatriða sem leiddi til sprengingar sem í henni varð. Það er engu að síður mat höfundar að ef vel hefði verið að verki staðið með Áburðarverksmiðjuna, hefði hún mögulega getað starfað enn í dag og hugsanlega getað komið að einhverju leiti að gagni við að forða því að utanaðkomandi áhrif líkt og heimsfaraldur eða stríðsrekstur geri það að verkum að áburðarkaup geti reynst landbúnaðinum svo erfið að rekstur þeirra sér í hættu. Það sem situr eftir hjá höfundi er meiri og víðtækari skilningur á efninu og mikilvægi þess að hafa gagnkvæmt samstarf við aðrar þjóðir. Það er að segja að geta þegið aðstoð háða skilyrðum sem ekki leiða til glötunar sjálfstæðis og einnig að veita aðstoð sé



hennar þörf hjá öðrum þjóðum. Áhugavert væri að rannsaka þetta efni enn frekar og taka aðra þætti og breytur inn í þá rannsókn. Sem dæmi að skoða pólitíkina sem viðhöfð var, bæði þau pólitísku öfl sem hlynnt voru því að þiggja aðstoðina og einnig skoða þau öfl sem andvíg voru. Hægr væri rýna í þá mögulegu stefnu sem tekin hefði verið, ef ákveðið hefði verið að taka ekki þátt í þessum velgjörningi Bandaríkamanna.



## 7 Heimildaskrá

Árbók landbúnaðarins, (1951), Reykjavík 1952

Britannica. (e.d.). *Development*.

<https://www.britannica.com/dictionary/development>

Britannica. (e.d.). *Economy*.

<https://www.britannica.com/dictionary/economy>

Britannica. (e.d.). *Effect*.

<https://www.britannica.com/dictionary/effect>

Dictionary. (e.d.). *Progressive*.

<https://www.dictionary.com/browse/progressiveness>

Egill Jónsson. (1989). *957/112 þáttill.: Bygging nýrrar áburðarverksmiðju*. Alþingi.

<https://www.althingi.is/altext/112/s/0957.html>

Eiríkur Bergmann. (2009). *Frá Evróvisjón til evru*. Veröld.

Eyjólfur Sæmundsson og Steinar Harðarson. (2001). *Áburðarverksmiðjan í gufunesi*.

[https://wp.vinnueftirlitid.is/wpcontent/uploads/2021/08/aburdarverksmidjan\\_gufunesiii.pdf](https://wp.vinnueftirlitid.is/wpcontent/uploads/2021/08/aburdarverksmidjan_gufunesiii.pdf)

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. (1997). *Hagskinna*. Hagstofa Íslands.

Guðrún Hulda Pálsdóttir. (2022, 28. mars). *Efnahagsleg áhrif stríðsins í Úkraínu*

*kalla á tafarlaus viðbrögð*. Bændablaðið.

<https://www.bbl.is/frettir/efnahagsleg-ahrif-stridsins-i-ukrainu-kalla-a-tafarlaus-vidbrogd>

Gunnar Á. Gunnarsson. (1996). *Ísland og Marshalláætlunin 1948-1953. Atvinnustefna*

*og stjórnmalahagsmunir*, 34(96). <https://timarit.is/page/5279957>

---

Hafdís Skúladóttir, Páll Björnsson, Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður

Halldórsdóttir. (2021b). Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði*. Háskólinn á Akureyri.

Hagstofa Íslands, (2022). *Búpeningur eftir landsvæðum frá 1980* [tafla].

<https://www.hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/landbunadur/bufe-og-uppskera/>

Hagstofa Íslands, (2022). *Fjöldi fiskisipa* [tafla].

<https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/sjavarutvegur/fjoldi-fiskiskipa/>

Hagstofa Íslands, (2022). *Framleiðsla og notkun* [tafla].

<https://hagstofa.is/talnaefni/umhverfi/orkumal/framleidsla-og-notkun/>

Helgi M. Sigurðsson. (2002). *Vatnsaflsvirkjanir á Íslandi*. Verkfræðistofa Sigurðar

Thoroddssen. <https://orkustofnun.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-01.pdf>

Hjálmar Finnsson. (1957). Fyrstu starfsár Áburðarverksmiðjunnar. *Fjármálatíðindi*,

10(57). <https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalatidindi/Gomul-Fjarmalatidindi/Fjarmalatidindi-1957-oktober-desember.pdf>

Hólmfríður María Ragnhildardóttir. (2021, 10. desember). Verð í sögulegu hámarki.

*Mbl.is*. [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/10/12/verd\\_i\\_sogulegu\\_hamarki](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/10/12/verd_i_sogulegu_hamarki)

Ívar Daði Þorvaldsson og Þorvarður Kjerulf Sigurjónsson. (2012, 30. júlí). *Hver eru*

*OECD-ríkin og hvað merkir skammstöfunin?* Evrópuvefurinn.

<https://www.evropuvefur.is/svar.php?id=29345>

Jón Þ. Þór. (2005). *Nýsköpunaröld, saga sjávarútvegs á Íslandi*. Hólar.

[https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/pdf-skjal/3\\_bindi.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/pdf-skjal/3_bindi.pdf)

Judt, T. (2001). *The Marshall Plan: Fifty Years After*. Palgrave Macmillan

---

Law insider. (e.d.). *Economic assistance*.

<https://www.lawinsider.com/dictionary/economic-assistance>

Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Sigríður

Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði*. Háskólinn á Akureyri.

Morgunblaðið. (1950, 5. júlí). *Íslendingum hefði reynt ókleift að kaupa nauðsynjar án Marshallaðstoðar*. Morgunblaðið 5. júlí 1950

<https://timarit.is/files/56851597>

Morgunblaðið. (1954). *Áburðarverksmiðjan hvatning til frekari framkvæmda á sviði stóriðnaðar, (54)116*.

<https://timarit.is/page/1294302?iabr=on#page/n3/mode/2up>

Morgunblaðið. (2022, 26. október). *Þörf er á nýrri Marshall-áætlun*. Morgunblaðið.

[https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1821246%2F%3Ft%3D425155294&page\\_name=grein&grein\\_id=1821246](https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1821246%2F%3Ft%3D425155294&page_name=grein&grein_id=1821246)

Ólafur Björnsson. (1964). *Þjóðarbúskapur Íslendinga*. Hlaðbúð.

Sigrún Elíasdóttir. (2012). *Marshall-áætlunin og tæknivæðing Íslands*

[Meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/11699>

Sigrún Pálsdóttir. (2005). *Landsvirkjun 1965-2005, Fyrirtækið og umhverfi þess*. Hið Íslenska bókmenntafélag.

Unnar Árnason. (2003). *Hversu há var Marshall-aðstoðin sem Ísland fékk eftir seinni heimsstyrjöld? Vísindavefurinn*.

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3411>

Valur Ingimundarson. (1996). *Í eldlínu kaldastríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960*. Vaka-Helgafell.

---

Þorsteinn Vilhjálmsson. (2011, 11. nóvember). *Hvernig hefur íslenskur landbúnaður*

*þróast á síðustu áratugum í samanburði við landbúnað í ESB?*

Evrópuvefurinn. <https://www.evropuvefur.is/svar.php?id=61176>

Þorleifur Óskarsson. (1991). *Íslensk togaraútgærd 1945-1970*. Bókaútgáfa

Menningarsjóðs

Þórhallur Ásgeirsson. (1955). Efnahagsaðstoðin 1948-1953. *Fjármálatíðindi*, 55(4).

[https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalatidindi/Gomul-fjarmalatidindi-2/Fjarmalatidindi\\_1955\\_mai\\_juni.pdf](https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalatidindi/Gomul-fjarmalatidindi-2/Fjarmalatidindi_1955_mai_juni.pdf)